

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 11. desember 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Hagstofa Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2028 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Það er mikilvægt fyrir stjórnvöld til að geta metið árangur af húsnæðisstefnunni að hafa mælikvarða og hagtölur sem byggja á áreiðanlegum gögnum um húsnæðismál. Í stefnunni er lögð áhersla á húsnæðisgrunn HMS sem heldur utan um gögn og upplýsingar um húsnæðismál.

Huga þarf að þörfum og aðkomu Hagstofunnar við alla þróun húsnæðisgrunnins eða annarra skráa með húsnæðisupplýsingum en skv. 6. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, og skyldum greinum sömu laga í II. kafla um söfnun upplýsinga, kemur fram að Hagstofu Íslands er ætlað að nýta stjórnslugögn til hagskýrslugerðar sé þess nokkur kostur. Aðgangur Hagstofunnar að stjórnslugögnum er því grundvallaratriði hagskýrslugerðar og felst úrvinnsla Hagstofunnar á stjórnslugögnum öðru fremur í því að umbreyta þeim í tölfræðigögn. Í þeirri vinnu skiptir miklu máli að gögnin séu samræmd og fylgi þekktum skilgreiningum þannig að sem minnstur bjagi og óvissa sé um niðurstöður.

Því vill Hagstofan benda á að í 6. gr. laga um Hagstofu Íslands kemur fram að ríkisstofnanir og sveitarfélög sem afla eða hyggjast afla gagna til meiri háttar tölfræðilegrar úrvinnslu skulu upplýsa Hagstofuna um störf sín og áform á þessum vettvangi til að tryggja samræmi í verkefnum, aðferðum og vinnubrögðum og að gögnin nýtist sem best til hagskýrslugerðar. Einnig kemur fram í sömu grein að ríkisstofnanir og sveitarfélög sem halda skrár vegna starfsemi sinnar eða hyggjast halda slíkar skrár skulu hafa samráð við Hagstofuna um gerð nýrra skráa og endurnýjun eða breytingar eldri skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar.

Hagstofan leggur áherslu á tímanlega aðkomu Hagstofunnar og að samráð verði haft við hana við uppbyggingu á opinberum gögnum og skráum sem snúa að húsnæðismálum.

Vinsamlegast
Hrafnhildur Arnkelsdóttir
hagstofustjóri